

Fræðslunefndarfundur þriðjudaginn 27.sept. 2022

Minnisblað frá íþrótta- og tómstundafulltrúa.

Kosið hefur verið félagsmiðstöðvaráð. Í því sitja

Alexandra Agla Jónsdóttir 8. Bekk.

Grétar Jónatan Pálmason 9.bekk.

Jasmín Arnardóttir 10.bekk.

Þau munu meðal annars hjálpa við að gera dagskrá vetursins og hjálpa til við skipulagningu ferða. Og eru rödd nemenda um hvernig þau vilja sjá starfið.

Ungmennaráð.

Þarf að auglýsa tvö sæti í ungmennaráði, ungmenni eru kosinn til 2 ára og þau eru 4 í ungmennaráði svo það eru valinn inn tvö á hverju hausti. Jóhanna Vigdís og Katrín Einarsdóttir starfa áfram.

Auglýsi á dalir.is, Auðarskóla, facebook : íbúar dalabyggðar.

Spurning að breyta þessari línu í erindisbréfi ungmennaráðs.

Starfshættir

Ungmennaráð Dalabyggðar starfar með og undir leiðsögn fræðslunefndar. Formaður fræðslunefndar er tengiliður við sveitarstjórn og er til aðstoðar ef þurfa þykir. Fundir ungmennaráðs er opnir öllum ungmönnum Dalabyggðar og skulu auglýstir eigi síðar en fimm sólahringum fyrir fund.

Á fundi ungmennaráðs er kosinn formaður, varaformaður, ritari, einn á aldrinum 14 – 16 ára og tveir á aldrinum 17 – 20 ára. Varamaður er valin á aldrinum 14 – 20 ára.

Ungmennaráð skal eigi funda sjaldnar en tvisvar á ári, þar af einu sinni með sveitarstjórn. Í störfum sínum skal ungmennaráð taka mið af lögum

og reglum, sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni. Þá skal ráðið fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Dalabyggðar.

Ég vil fá starfsmann í félagsmiðstöðina með mér.

Allar félagsmiðstöðvar gera þær kröfur að lámark séu tveir starfsmenn á vakt í félagsmiðstöðvum. Mér finnst við eiga að taka þetta skref og bæta við manneskju. Það voru tveir starfsmenn þegar ég hóf störf en þeir voru teknir af mér.

Þessi texti kemur frá samfés

Aðildarfélagar

Aðilar að Samfés geta þær félagsmiðstöðvar og ungmennahús orðið sem starfa skv. 1. gr. æskulýðslög 70/2007 og bjóða upp á skipulagt og opið æskulýðs- og tómstundastarf skv. 3. gr laga Samfés. Í dag eru 125 aðildarfélagar að Samfés.

Þegar félagsmiðstöð er opin skal ávallt stefnt að því að hafa a.m.k. tvo starfsmenn á vakt hverju sinni

Starfshlutfall fyrir starfsmann í félagsstarfi

Í dag eru þetta 5 tímar á viku. 20 tímar á mánuði.

Samstarf við reykhóla og strandir, 1 til 2 ferðir í mánuði, ferðinn er 5 tímar, svo mánuðurinn er 5 til 10 tímar.

Alls 25-30 tímar lágmark. Meira ef það eru böll eða ferðir.

Samstarf við reykhóla og strandir.

Jóhanna ösp á reykhólum setti upp metnaðarfulla áætlun fyrir samstarf reykhóla, stranda og dala. Hittingar á 2 vikna fresti og farið á milli héraða. Bæði með skólabörn frá 5 – 10 bekk og eldri borgara. Haldið sé sameiginleg félagsmiðstöð og íþróttæfingar. Farið 16-17 hédan komið heim 21. Reykhólar eiga rétt á styrk frá byggðarstofnun og sóttu um styrk í þetta verkefni, sá styrkur hefur ekki ennþá verið undirritaður. Svo peningurinn sem átti að koma inn fyrir öllum akstri og bílstjórum er ekki kominn ennþá.

Það er buin einn hittingur og annar skipulagður á fimmtudaginn á Hólmavík og ég tilkynnti þeim að við í dalabyggð getum ekki tekið þátt fyrr en fjármagnið er komið í verkefnið.

Við þurfum 2 til 4 bíla og bílstjóra svo við erum að tala um háar upphæðir.